

Landsbyggðin lifi – netfundur stjórnar settur kl. 8:30, 10. apríl 2025.

Mættir: Hildur Þórðardóttir, sem ritar fundargerð, Björgvin Hjörleifsson, Hafrún Káradóttir, Guðrún Torfhildur Gísladóttir, Stefanía Gísladóttir og Helga Guðný Kristjánsdóttir.

Dagskrá

1. Coming, Staying, Living, - 3 aðilar búnir að segjast ætla að vera með. Flúðir í Hrunamannahreppi, Húnaklúbburinn og Reykhólar. Spurning hvort Stefanía hringi í Vigfús til að kanna hvort hann treysti sér til að vera fulltrúi gagnvart Austurbrú. Ákveðið að ganga ekki eftir fleiri aðilum. Minnt á veffund 12. júní um hvernig er hægt að bjóða nýja íbúa velkomna í bæinn.
2. Húnaklúbburinn, einn af samstarfsaðilum okkar í verkefninu CSL, sem Jessica stýrir á Hvammstanga. Jessica er í verkefni með ungu fólki sem er að fara af stað með Evrópuverkefni með hliðstæðri vinnu. Mikill fengur fyrir okkur að vera í samkrulli með þessum hópi. Þing á Blönduósi í september sem möguleiki er að sækja fyrir fulltrúa Landsbyggðin lifi. Skoðað þegar nær dregur. Rætt um að komast í samstarf við ungmennahópa.
3. Silke á Vestfjörðum – Hún kom með okkur á dreifbýlisþingið í Póllandi og spurning hvort sé hægt að fá hana inn í samtökin og þá kannski á dreifbýlisþingið í Skotlandi. Stjórn telur æskilegra að það séu virkir félagar sem fái styrk til að sækja dreifbýlisþingið.
4. Heimsókn sænsku kvennanna frá Hela Sveriga Ska Leva í samstarfi við Norræna félagið í tengslum við sænsk-íslenska árið. Stefanía sagði frá heimsókninni, fundunum, fyrirlestri þeirra í Norræna félaginu og heimsóknum til sveitarstjórna Seltjarnarness og Grindavíkur. Fundinum í Norræna félaginu var streymt og voru nokkrir þar að hlusta, en Helga og Sigríður stjórnarkonur komust ekki inn á fundinn vegna tæknilegra örðugleika. Spurning hvort peningurinn skuli vera kominn til okkar og þá þarf að senda hann sem fyrst til þeirra.
5. Sóknaráætlanirnar. Það er opið fyrir umsóknir í alls kyns verkefni. Getum ekki sótt um því við erum ekki með lögheimili úti á landi. En framfarafélög um allt land geta sótt um. Hugmynd um að Stefanía og Helga geri sitt hvora umsóknina fyrir sín heimasvæði um bætтар samgöngur og meiri mokstur. Búa til skilti við staði þar sem hægt er að húkka far á Vestfjörðum.
6. Önnur mál. Byggðastefna Landsbyggðin lifi frá 2012 – ýmislegt að raungerast núna með eldhræringunum á Reykjanesi, eins og t.d. varaflugvöllur. **Stefanía** vill birta byggðastefnuna bæði á Facebook síðunni og vefsíðunni. Margir góðir punktar og fínt að rifja hana upp. Senda hana á þingmenn líka.

Heimasíðan – spurning hver vill taka við síðunni af Sigríði.

Póstur sem kom frá ERP um hvort eitthvað sé sem við viljum láta ræða á þinginu í Skotlandi. Hildur stakk upp á að ræða styrkjamál fyrir lönd sem eru utan Evrópusambandið. Stefanía stakk upp erfiðleikunum á að fá hæft fólk til starfa, skattaívilnanir og niðurgreidd námslán. Stefanía minntist líka á almannasamgöngur eða skort á þeim í strjálbýli. Hvernig hafa sveitarfélög verið að leysa þetta vandamál? Stefanía sér um að senda póst til Vanessu um þessar hugmyndir.

Fundi slitið kl. 9:30.